

## Nýr ritstjóri Náttúrufræðingsins!

Hið íslenska náttúrufræðifélag hefur ráðið Sighvat Blöndahl nýjan ritstjóra Náttúrufræðingsins. Félagið auglýsti starf ritstjóra laust til umsóknar í Fréttablaðinu og á vefsíðu sinni í september 2012 og bárust 20 umsóknir um starfið, vandaðar og áhugaverðar í hvívetna. Sex umsækjendur voru boðaðir í viðtal og hrepti Sighvatur Blöndahl hnossið.

Sighvatur Blöndahl er viðskiptafræðingur að mennt frá Háskóla Íslands og starfaði lengi við blaðamennsku, fjölmiðlastörf og stjórnunarstörf í atvinnulífinu, auk ritstarfa. Hann hefur undanfarin ár starfað sem grunn- og framhaldsskólakennari auk þess að stunda útivist og fjallamennsku og taka þátt í störfum innan björgunarsveita Slysavarnafálagsins Landsbjargar. Sighvatur er fjallaleiðsögumaður og einn af stofnendum Íslenska Alpklúbbsins og fyrsti formaður samtakanna. Sighvatur býr á Laugarvatni ásamt fjölskyldu sinni.

Stjórn HÍN óskar Sighvati velfarnaðar í starfinu og þakkar jafnframt fráfarandi ritstjóra til sex ára, Hrefnu B. Ingólfssdóttur, fyrir ánægjulegt samstarf og farsælan ritstjóraferil. Fyrir tilstilli Hrefnu, þrautseigju hennar og elju, tókst m.a. að vinna inn þriggja ára útgáfuhala sem lék félagið grátt. Útgáfa Náttúrufræðingsins er nú á réttu róli.

Sighvatur hóf störf 1. desember sl. og hefur hann aðsetur hjá Náttúrufræðistofu Kópavogs eins og forveri hans. Ritstjórinn verður að jafnaði viðlátinn á skrifstofu í húsnæði Náttúrufræðistofunnar á fimmtu- og föstudögum milli kl. 9 og 17. Hægt er að ná í ritstjóranna í síma 570 0433 og 892 9700. Netfang Sighvats er ritstjori@hin.is.

Von er á fyrstu tveimur tölublöðum í 83. árgangi tímaritsins á 83. útgáfuárinu í mars næstkmandi.

Hið íslenska náttúrufræðifélag  
Afgreiðsla: Náttúrufræðistofa Kópavogs - Hamraborg 6a, IS-200 Kópavogur  
Sími: 570 0433  
Netfang: hin@hin.is  
Heimasíða: www.hin.is  
Ábm. og ritstj. félagsbréfs: Hilmar J. Malmquist



## Félagsbréf

1. tölublað

Febrúar 2013

38. árgangur

## Aðalfundur HÍN!

Boðað er til aðalfundar Hins íslenska náttúrufræðifélags laugardaginn 23. febrúar 2013 kl. 14:00 í Kórnum, fundarsal Náttúrufræðistofu Kópavogs, Hamraborg 6a, Kópavogi.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Fundarsetning.
2. Skýrsla stjórnar HÍN fyrir árið 2012.
3. Reikningar HÍN fyrir árið 2012.
4. Skýrslur fulltrúa HÍN í nefndum fyrir árið 2012.
5. Tillögur til ályktunar.
6. Kjör stjórnarmanna og embættismanna félagsins.
7. Önnur mál.
8. Fundarslit.

Stjórn HÍN skipa eftirtaldir: Árni Hjartarson formaður, Esther Ruth Guðmundsdóttir varaformaður, Ester Ýr Jónsdóttir fræðslustjóri, Hafdís Hanna Ægisdóttir meðstjórnandi, Hilmar J. Malmquist ritari, Jóhann Þórsson félagsvörður og Kristinn J. Albertsson gjaldkeri. Esther Ruth gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn HÍN, en tveir stjórnarmenn sem eru að ljúka öðru starfsári sínu, þau Ester Ýr og Hilmar J. Malmquist, gefa kost á sér áfram.

Kaffiveitingar verða í boði.

Allir eru velkomnir!

## Náttúruminjasafn Íslands

Málefni Náttúruminjasafns Íslands hafa verið alláberandi í þjóðmálaumræðunni að undanfögnu. Skriður komst á málið í janúar 2012 í kjölfar skýrslu Ríkisendurskoðunar um Náttúruminjasafnið. Skrif í sama mánuði í Fréttablaðinu um staðsetningu Náttúruminjasafnsins í Perlunni í Öskjuhlíð hreyfði einnig töluvert við málinu. Um vorið var reyndar tilkynnt að ráðningarsamningur við Helga Torfasón safnstjóra Náttúruminjasafnsins hefði ekki verið endurnýjaður, en hann rann út í maí 2012. Helgi sinnir þó áfram rannsóknarstörfum við safnið fram í júní 2013. Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður var settur safnstjóri Náttúruminjasafnsins og mun gegna því starfi fram í maí 2013. Staða safnstjórans var auglýst laus til umsóknar í október 2012 og rann umsóknarfrestur út 14. desember. Alls sóttu 13 um stöðuna, átta konur og fimm karlar.

Stjórn HÍN færir fráfarandi safnstjóra Helga Torfasyni bestu þakkir fyrir mikilvæg störf hans að framgangi Náttúruminjasafnsins. Þá óskar stjórnin settum safnstjóra Margréti Hallgrímsdóttur velfarnaðar í tímabundnu starfi, en að frumkvæði safnstjórans hefur stjórnin þegar átt þrjá fundi með honum um málefni safnsins.

Stjórn HÍN hefur einsett sér í samræmi við lög félagsins að láta áfram til sín taka í þessu máli þannig að viðunandi aðstaða komist á hið fyrsta varðandi sýningar og aðra starfsemi hjá höfuðsafni þjóðarinnar í náttúrufræðum – Náttúruminjasafni Íslands. Auk funda með settum safnstjóra Náttúruminjasafnsins hafa stjórnarmenn HÍN átt fundi um málið með mennta- og menningarmálaráðherra, formanni og framkvæmdastjóra Landverndar og formanni borgarráðs Reykjavíkur. Stjórn HÍN ritaði einnig grein í Fréttablaðið þ. 21.2.2012 undir heitinu „Náttúruminjasafn Íslands“

Í febrúar 2012 stóð stjórn HÍN ásamt Landvernd, Samlífi – Samtökum líffræðikennara, Félagi náttúrufræðikennara á grunnskólastigi og Félagi raungreinakennara að áskorun um Náttúruminjasafnið sem send var stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Áskorunin var þessi:

„Undirrituð samtök hvetja stjórn Orkuveitu Reykjavíkur eindregið til þess að gaumgæfa vel hugmyndir um nýtingu Perlunnar undir starfsemi Náttúruminjasafns Íslands í því söluferli sem nú stendur yfir á húsnaðinu í Öskjuhlíðinni. Náttúruminjasafn Íslands er lögum samkvæmt eitt þriggja

höfuðsafna þjóðarinnar og á að gegna lykilhlutverki í kynningu og fræðslu um náttúru Íslands. Safnið hefur verið á hrakhólum og búið við óviðunandi aðstæður svo áratugum skiptir. Nú er svo komið að það á engan samastað fyrir sýningastarfsemi sína og safnmunir eru geymdir í kössum. Veglegt höfuðsafn í náttúrufræðum er stolt hveðrar velstæðrar þjóðar og dýrmætur fróðleiksbrunnur fyrir þegna og gesti viðkomandi lands. Í ljósi þess að Íslendingar byggja atvinnu sína og líf á náttúru landsins í ríkum mæli, auk þess sem flestir erlendir ferðamenn sækja landið heim vegna náttúrunnar, skiptir öllu máli að bjóða upp á vandað höfuðsafn um náttúru landsins sem vel er í sveit sett og sómi er að.“

Samhljóða áskorun var send mennta- og menningarmálaráðherra. Á aðalfundi HÍN í febrúar 2012 var einnig samþykkt ályktun í anda þess sem fram kemur í áskoruninni. Um ályktunina má lesa á heimasíðu HÍN.

Nýjustu fregnir í þessu máli eru þær helstar að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur samþykkt heimild til að selja Perluna Reykjavíkurborg sem mun leigja hana ríkinu undir sýningarhald á vegum Náttúruminjasafnsins, takist samningar þar að lútandi milli aðilanna. Samkvæmt ríkisfjárlögum fyrir árið 2013 er ráðgert að 400 milljónir kr. fari í stofnkostnað við Náttúruminjasafnið.

## Fræðsluerindi

Næsta fræðsluerindi HÍN verður haldið mánudaginn 25. febrúar 2013. Þá mun dr. Þóra Ellen Þórhallsdóttir, grasfræðingur og prófessor við Háskóla Íslands, flytja erindi sem hún kallar *Flokkun íslensks landslags á sjónrænum forsendum*. Erindin fara fram í stofu 132, Öskju, og hefjast kl. 17:15.

## Youtube!

Félagsmönnum HÍN og öðrum áhugasömum um náttúrufræðileg málefni gefst nú orðið kostur á því að fylgjast með fræðsluerindum á vegum félagsins á Youtube myndbandasíðunni. Erindin eru birt á slóðinni <http://www.youtube.com/user/Natturufradingurinn> og þar er hægt að hlusta á fyrirlesara og horfa á myndefni þeirra. Tengil á myndbandsupptökur fræðsluerindanna er einnig að finna í kynningartexta um viðkomandi erindi á heimasíðu HÍN, [ww.hin.is](http://ww.hin.is).